

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/66/EB

frá 4. september 1998

um breytingu á tilskipun 95/31/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum (¹), eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/34/EB (²), einkum a-lið 3. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (³), eins og henni var breytt með tilskipun 96/83/EB (⁴), eru talin upp þau aukefni sem leyfilegt er að nota í matvælum.

Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum (⁵) eru tilgreind hreinleikaskilyrði fyrir sætuefnin sem um getur í tilskipun 94/35/EB.

Með tilliti til tækniframfara er nauðsynlegt að breyta hreinleikaskilyrðunum sem voru tilgreind í tilskipun 95/31/EB varðandi ísómalt (E 953). Því er nauðsynlegt að laga tilskipunina að þessu.

Nauðsynlegt er að taka mið af forskriftum og greiningaradferðum fyrir sætuefni sem eru settar fram í Codex Alimentarius af sameiginlegri sérfræðinganevnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aukefni í matvælum (JECFA).

Aukefni í matvælum, sem eru framleidd samkvæmt aðferðum eða úr grunnefnum sem eru verulega frábrugðin

þeim sem tilgreind eru í matsgerð vísindanefndarinnar um matvæli eða frábrugðin þeim sem um getur í þessari tilskipun, ber að senda vísindanefndinni um matvæli til umsagnar með það í huga að fram fari nákvæmt mat þar sem áhersla er lögð á hreinleikaskilyrði.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað textans um E 953 – ísómalt í viðauka tilskipunar 95/31/EB komi textinn í viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi tuttugu dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/1999 frá 28. maí 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

(²) Stjtið. EB L 237, 10. 9 1994, bls. 1.

(³) Stjtið. EB L 237, 10. 9. 1994, bls. 3.

(⁴) Stjtið. EB L 48, 19. 2. 1997, bls. 16.

(⁵) Stjtið. EB L 178, 28. 7. 1995, bls.1.

VIÐAUKI

„E 953 – ÍSÓMALT

Samheiti

Vetnaður ísómaltúlósi, vetnaður palatínósi.

Skilgreining*Efnaheiti*

Ísómalt er blanda af vetnuðum ein- og tvísykrum þar sem meginuppistaðan eru tvísykrurnar:

6-O- α -D-glúkópýranósýl-D-sorbítól (1,6-GPS) og
1-O- α -D-glúkópýranósýl-D-mannítóldíhýdrat (1,1-GPM)*Efnaformúla*6-O- α -D-glúkópýranósýl-D-sorbítól: $C_{12}H_{24}O_{11}$
1-O- α -D-glúkópýranósýl-D-mannítól díhýdrat: $C_{12}H_{24}O_{11} \cdot 2H_2O$ *Hlutfallslegur sameindamassi*6-O- α -D-glúkópýranósýl-D-sorbítól: 344,32
1-O- α -D-glúkópýranósýl-D-mannítól díhýdrat: 380,32*Innihald*Innihald ekki minna en 98% af vetnuðum ein- og tvísykrum og ekki minna en 86% af blöndu af 6-O- α -D-glúkópýranósýl-D-sorbítóli og 1-O- α -D-glúkópýranósýl-D-mannítóldíhýdrati miðað við þurrefni.**Lýsing**

Lyktarlaust, hvítt, lítillega vökvadrægt, kristallað efni.

Auðkenni*A. Leysni*

Vatnsleysanlegt, illleysanlegt í etanóli.

B. Þunnlagsskiljun

Rannsókn er gerð með þunnlagsskiljun þar sem notuð er plata þakin u.þ.b. 0,2 mm lagi af litskiljukísilkristöllum. Aðalblettirnir á skilju-ritinu eru 1,1-GPM og 1,6-GPS.

Hreinleiki*Vatsinnihald*

Ekki yfir 7% (Aðferð Karls Fischer)

Súlfataska

Ekki yfir 0,05% miðað við þurrefni

D-mannítól

Ekki yfir 3%

D-sorbítól

Ekki yfir 6%

Afoxandi sykurgerðir

Ekki yfir 0,3% miðað við þurrefni glúkósa

Nikkel

Ekki meira en 2 mg/kg miðað við þurrefni

Arsen

Ekki meira en 3 mg/kg miðað við þurrefni

Blý

Ekki meira en 1 mg/kg miðað við þurrefni

Þungmálmur (sem Pb)

Ekki meira en 10 mg/kg miðað við þurrefni.“